

Velkomin(n) til starfa



Að taka á móti nýjum viðskiptavinum með viðeigandi skilaboðum og könnun í framhaldinu er frábær leið til þess að auka tryggð nýrra starfsmanna og minnka um leið starfsmannaveltu fyrirtækisins.

Með Zenter ferli getur þú fært nýjum starfsmönnum mikilvæga þekkingu á réttum tíma og um leið kannað ánægju þeirra eftir X marga daga í starfi.

Þekking og einlægur vilji um að gera vel við nýja starfsmenn getur gefið þér aðgreiningu sem samkeppnisaðilar þínar búa ekki yfir. Það getur verið góð hugmynd að spyrja núverandi starfsmenn hvaða skilaboð þeir hefðu viljað fá í upphafi starfs síns og byggja ferilinn á þeim upplýsingum.



Hvernig?

Settu saman þau málefni sem þú vilt að nýr starfsmaður fái og tímastilltu skilaboðin.


Til dæmis gæti verið góð leið vera með 4 verk í ferlinum.

Verk 1: Velkominn til starfa.

Verk 2: Eftir 10 daga í starfi kemur “Er allt eins og það á að vera”.

Verk 3: Könnun eftir 30 daga.

Verk 4: NPS Könnun eftir 90 daga.



Það tekur þig innan við eina klst. að búa til svona feril og ekki nema nokkrar sekúndur að ræsa hann á hvern nýjan starfsmann. Síðan þarftu að lesa úr niðurstöðum og fylgja eftir að viðkomandi starfsmaður svari þeim könnunum sem þú leggur fyrir viðkomandi. Mundu að nýir starfsmenn eru flestir reiðubúnir að fara eftir reglum fyrirtækisins ef að réttur agi er til staðar. Ekki láta starfsmennina ákveða agastigið í fyrirtækinu. **Þú ræður!**



Af hverju?

Góð móttaka nýrra starfsmanna og fagleg kennsla í byrjun starfs eykur ánægju nýrra starfsmanna. Slík ánægja skilar sér í lægri starfsmannaveltu og meiri arðsemi fyrirtækisins.

Hvað þarf ég að kunna?

- Stofna feril • Kunna að búa til seinkun • Kunna helstu leiðirnar að ræsa feril • Lesa úr skýrslum